

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 217/2018**

2021/EES/21/10

frá 26. október 2018

um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn (Flutningastarfsemi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1065 frá 27. júlí 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar sjálfvirka fullgildingu fluglíðaskírteina í Sambandinu og þjálfun í flugtaki og landingu ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66ne (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 R 1065**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1065 frá 27. júlí 2018 (Stjttð. ESB L 192, 30.7.2018, bls. 31).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/1065, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. október 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 192, 30.7.2018, bls. 31.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.